

215/16

- Fundur haldinn í héraðsráði mánudaginn 6. desember 2004 kl. 13:30 á skrifstofu Höfðahrepps. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson.

Dagskrá:

1. Erindi Farskóla N.l. vestra
2. Erindi Heimilisiðnaðarsafnsins
3. Erindi Byggðasafnsins Reykjum
4. Undribúningur héraðsnefndarfund
5. Önnur mál.

1. Erindi frá Farskóla Norðurlands vestra um rekstrarstyrk vegna ársins 2005. Erindinu vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
2. Erindi frá Heimilisiðnaðarsafninu þar sem óskað er eftir rekstrarframlagi vegna ársins 2005 og framlagi vegna þátttöku í stofnun sjálfseignarstofnunar um "Textilsetur Íslands,,
Erindinu vísað til afgreiðslu héraðsnefndar og afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
3. Erindi Byggðasafnsins á Reykjum þar sem óskað er eftir rekstrarframlagi vegna ársins 2005. Erindinu vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
4. Héraðsnefndafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi mánudaginn 13. des. nk. kl: 14.00. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið.
Ákveðin var eftirfarandi dagskrá:

1. Rekstur ársins 2004.
2. Sorpmál
3. Fjárhagsáætlun 2005
4. Önnur mál.

5. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 17:30.

Valgarður Hilmarsson

Jóhann Guðmundsson

Magnús B. Jónsson